

374. fundur Skólanefndar FS

8. október 2025



Mættir: Ásrún Helga Kristinsdóttir formaður, Anna Lilja Jóhannsdóttir, Guðjón Árni Antoníusson, Halldór Rósmundur Guðjónsson, Ragnheiður Möller, Gunnar Valdimarsson áheyrnarfulltrúi kennara, Tristan Einarsson áheyrnarfulltrúi nemenda og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Fjárframlög til skólans.
 2. Nám fatlaðra nemenda á starfsbraut.
 3. Nýtt stjórnsýslustig framhaldsskóla.
 4. Önnur mál.

1. Fjárframlög til skólans.

Hjördís Eva Þórðardóttir, verkefnastjóri farsældar barna á Suðurnesjunum, mætti á fundinn og kynnti greiningu á fjármögnun skólans og brotthvarfi nemenda. Samkvæmt þeirri greiningu er vanfjármögnun á nemanda um 700.000 kr. ef miðað er við Fjölbrautaskóla Suðurlands samkvæmt ársreikningum fyrir árið 2023. Þessir skólar eru að mörgu leyti svipaðir en FS er með fjölbreyttari nemendahóp og fleiri nemendur sem þurfa sérstaka aðstoð. Það eru m.a. nemendur af erlendum uppruna, nemendur sem eru ekki með kennitölu og nemendur úr Grindavík sem hafa þurft að flytja úr sínum heimabæ. Þessi vanfjármögnun hefur áhrif á námsframboð og þjónustu við nemendur. Hjördís Eva benti á að brotthvarf nemenda hér hefur minnkað mikið undanfarin ár sem hefur haft í för með sér mikinn samfélagslegan ábata. Málið rætt, m.a. hvernig hægt er að koma þessum upplýsingum á framfæri við ráðuneyti og stjórnámamenn.

2. Nám fatlaðra nemenda á starfsbraut.

Skólameistari kynnti samantekt um nám nemenda á starfsbraut og lengd skóladags nemenda á brautinni. Þar kemur fram að nemendahópurinn á brautinni er mjög fjölbreyttur og því er nám nemenda einstaklingsmiðað og lengd skóladags miðast við það. Fjöldi kennslustunda er svipaður og hjá öðrum nemendum en munurinn er að þeir eru flestir fyrir hádegi og því eru nemendur á starfsbraut búnir fyrr á daginn. Skólameistari tók fram að á starfsbraut er unnið mjög gott starf og nemendur þar eru hluti af skólasamfélaginu. Skólinn fær aðeins fjármagn til að mennta þessa nemendur og getur því ekki boðið upp á aðra viðveru eða frístundir en það er í verkahring sveitarfélaga. Rætt hvernig hægt er að tryggja þessum nemendum meiri þjónustu, m.a. miðað við farsæld barna. Tristan sagði frá því að nemendafélagið er í samstarfi við félagsmiðstöðina í Reykjanesbæ en þar er m.a. verið að skoða að bjóða upp á aðstöðu fyrir nemendur á starfsbraut. Lagt til að skoðað verði hvernig þessu er háttað í öðrum framhaldsskólum. Skólameistari ætlar að fela brautarstjórum starfsbrautar að kanna það. Einnig rætt hvort gera eigi könnun meðal foreldra nemenda á starfsbraut og kanna hvaða breytingar væri hægt að gera. Skólameistari kannar það.

3. Nýtt stjórnsýslustig framhaldsskóla.

Skólameistari sagði frá fyrirhuguðum breytingum á stjórnsýslu framhaldsskóla en þar er gert ráð fyrir nýju stjórnsýslustigi. Ráðherra heimsækir skólann 9. október til að kynna þessar breytingar fyrir starfsfólki skólans og einnig stendur til að halda fjarfund með skólanefndarfólki. Skólameistari tók fram að hann taldi að þessar breytingar myndu ekki hafa jákvæð áhrif á skólann, rekstur hans, stjórnun og þá þjónustu sem hann býður upp á. Ljóst er að ýmis störf og þjónusta myndu færast frá skólunum til miðlægra skrifstofa og skólarnir gætu misst fjárhagslegt sjálfstæði. Skólanefnd lýsir áhyggjum af þessum breytingum og áhrifum þeirra á skólann og nemendur á Suðurnesjum.

4. Önnur mál.

- a) Skólameistari minnti á að skólinn verður 50 ára næsta haust. Verið er að skoða hvernig haldið verður upp á það og m.a. er verið að skoða að ráða verkefnisstjóra til að halda utan um verkefnið.
- b) Tristan formaður NFS sagði frá því sem er í gangi hjá nemendafélaginu og því sem er framundan.
- c) Þrír verknámskennarar frá finnskum skóla eru í heimsókn í skólanum og þar er m.a. verið að ræða nemendaskipti milli skólanna.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Ásrún H. Kristinsdóttir

Ásrún Helga Kristinsdóttir, formaður

Anna Lilja Jóhannsdóttir

Anna Lilja Jóhannsdóttir

Halldór Rósmundur Guðjónsson

Halldór Rósmundur Guðjónsson

Gunnar Valdimarsson

Gunnar Valdimarsson

Kristján Ásmundsson

Kristján Ásmundsson, skólameistari

Guðjón Árni Antoníusson

Guðjón Árni Antoníusson

Ragnheiður Möller

Ragnheiður Möller

Tristan Einarsson

Tristan Einarsson

Guðmann Kristþórsson

Guðmann Kristþórsson, fundarritari